

**45. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
Miðvikudaginn 26. mars 2025, kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen, Sigurdís Samúelsdóttir og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Beiðni um lagfæringu vegslóða að bústað - 2502003

Tekið fyrir erindi frá Margréti Brynju Jónsdóttur dags. 17. febrúar 2025 er varðar lagfæringu á vegslóða að Baldurshaga í botni Hestfjarðar.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að hafna erindinu. Nefndin telur þetta ekki á verksviði sveitarfélagsins að lagfæra vegslóða að sumarhúsum í sveitarfélaginu.

Samþykkt

2. Vatnsmál og hafnarvernd á Langeyri - 2503008

Tekið fyrir erindi frá Halldóri Halldórssyni fyrir hönd Íslenska kalkþörungafélagsins er varðar neysluvatn og hafnarvernd á Langeyri.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur byggingarfulltrúa að skoða afkastagetu vatnsveitunnar á Langeyri og hafnarstjóra að skoða hafnarvernd.

Samþykkt

3. Beiðni um leyfi til uppsetningar brunaútgangs á Langeyrarvegi 5a - 2503009

Erindi frá Björgunarsveitinni Korfa er varðar leyfi til uppsetningar brunaútgangs í húsnaði félagsins að Langeyrarvegi 5a.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd tekur jákvætt í erindið en bendir umsækjanda á að skila þarf inn aðaluppdráttum af breytingunni.

Samþykkt

4. Vegagerð á Reykjanesi - 2503011

Tekið fyrir erindi frá Anítu Björk Pálínudóttur fyrir hönd Vegagerðarinnar dags. 17. mars 2025 er varðar breytingu á legu héraðsvegar í Reykjanesi.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytinguna en bendir á að landeigandi, Ísafjarðarbær þarf einnig að samþykkja breytinguna.

Samþykkt

5. Beiðni um ruslagám í Ögri eða auka losun vegna Ögurhátíðar 18-20. júlí 2025 - 2503002

Tekið fyrir erindi frá Guðfinnu Hreiðarsdóttur fyrir hönd skipuleggjenda Ögurhátíðar 2025 þar sem óskar er eftir að Súðavíkurreppur komi tímabundið upp ruslagámi í Ögri vegna Ögurhátíðar.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja erindið og bæta við auka gámi á svæðið.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 18:00.

Anna Lind Ragnarsdóttir

Valgeir Scott

Bragi Þór Thoroddsen

Sigurdís Samúelsdóttir

Jóhann Birkir Helgason